Við flokkun sveitarfélaga í þjónustustig skal hafa hliðsjón af félagslegri þjónustu, svo sem við börn, aldraða og fatlaða, heimaþjónustu og fjárhagsaðstoð, svo og af annarri þjónustu sem sveitarfélag veitir íbúum sínum, t.d. varðandi sorphirðu, snjómokstur, gatnagerð, vatnsveitu, íþróttir og tómstundastörf.

Fjárhæðir skv. 2. mgr. miðast við verðlag í árslok 1989 og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu framfærslukostnaðar.

Heimilt er að hækka eða lækka fjárhæðir skv. 2. mgr. með hliðsjón af ráðstöfunarfé sjóðsins.

Umsóknir um framlög samkvæmt þessari grein skal senda félagsmálaráðuneytinu fyrir 1. febrúar ár hvert ásamt upplýsingum um þjónustu í sveitarfélaginu.

15. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 91/1988, og öðlast gildi 1. janúar 1990. Þá fellur jafnframt úr gildi reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 467/1981, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku reglugerðarinnar skal félagsmálaráðherra skipa ráðgjafarnefnd, sbr. 4. gr., er starfi fram að næstu sveitarstjórnarkosningum.

Félagsmálaráðuneytið, 15. nóvember 1989.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

22. nóvember 1989 Nr. 543

REGLUGERÐ

um námskeið og próf til að öðlast leyfi til verðbréfamiðlunar.

I. KAFLI

Prófnefnd.

1. gr.

Prófnefnd verðbréfamiðlara, sem viðskiptaráðherra skipar, í reglugerð þessari eftirleiðis nefnd prófnefnd, skal standa fyrir námskeiðum og prófum samkvæmt ákvæðum d. liðar 1. mgr. 3. gr. laga nr. 20/1989 um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði og nefnist próf þetta verðbréfamiðlunarpróf.

Í prófnefnd skulu eiga sæti fimm aðalmenn, sem skipaðir eru til fjögurra ára í senn og þar af skal einn tilnefndur af stjórn Verðbréfaþings Íslands. Varamenn skal skipa með sama hætti.

2. gr.

Prófnefnd heldur gerðabók. Í hana skal færa ákvarðanir nefndarinnar og niðurstöður prófa.

II. KAFLI

Námskeið.

3. gr.

Viðskiptaráðherra ákveður að fenginni tillögu prófnefndar hvenær námskeið í verðbréfamiðlun skulu haldin.

Eigi er skylt þrátt fyrir auglýsingu um námskeið að efna til námskeiðahalds nema næg þátttaka fáist að mati viðskiptaráðherra. Að jafnaði skal ekki halda námskeið nema þátttakendur á því verði fimm hið fæsta.

Prófnefnd getur heimilað öðrum en þeim, sem áforma að ganga undir verðbréfamiðlunarpróf, að sitja námskeið og skulu þeir sitja fyrir sem hafa starfsreynslu á sviði verðbréfamiðlunar.

4. gr.

Kennslugreinar á námskeið vegna verðbréfamiðlunarprófs skulu vera sem hér segir:

1. Íslensk réttarskipun og fræðikerfi lögfræðinnar.
2. Viðfangsefni úr fjármunarétti.
3. Viðskiptabréfsreglur.
4. Veðréttindi og þinglýsingar.
5. Ábyrgðir.
6. Ágrip úr réttarfari.
7. Félagaréttur.
8. Skjalagerð.
9. Vextir og vísitölur.
10. Réttindi og skyldur verðbréfamiðlara, verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða.
11. Skattalög.
12. Lagareglur um fjármagnsmarkaðinn.
13. Fjármagnsmarkaðurinn.
14. Helstu leiðir til ávöxtunar fjármagns.
15. Greining ársreikninga og mat trygginga.
16. Skuldabréf.
17. Verðbréfasjóðir og fjárvarsla.
18. Hlutabréf.
19. Erlend verðbréf.
20. Ýmis verðbréf.
21. Ráðgjöf.

Prófnefnd ákveður hvernig kennslugreinum skuli skipt milli námskeiðshluta og er heimilt að þeir verði 2 til 4. Prófnefnd ákveður nánar kennslutíma, tímafjölda í einstökum kennslugreinum og námsefni, en miða skal við að kennslu á námskeiðinu í heild verði lokið á ekki lengri tíma en 12 mánuðum. Prófnefnd er heimilt að fengnu samþykki viðskiptaráðherra, að ákveða að fjölga kennslugreinum, ef hún telur þess þörf og fella niður kennslu í einstökum kennslugreinum. Þá er nefndinni heimilt að höfðu samráði við viðskiptaráðuneytið að semja við aðra aðila, svo sem einstakar deildir Háskóla Íslands eða aðra skóla sem veita sambærilega menntun til að annast kennslu í einstökum kennslugreinum.

Prófnefnd skal við upphaf hvers námskeiðs setja reglur um lágmarksfjölda kennslustunda sem einstakir þátttakendur verða að hafa sótt í hverjum hluta til að þeir teljist fullnægja skilyrði d liðs 3. gr. laga nr. 20/1989 um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði um setu á námskeiði.

5. gr.

Prófnefnd ræður kennara til þess að annast kennslu á námskeiðum samkvæmt ákvæðum þessa kafla en viðskiptaráðherra ákveður ráðningarkjör. Prófnefnd skal semja áætlun um heildarkennslustundafjölda fyrir hvert námskeið, sem viðskiptaráðherra staðfestir.

Prófnefnd er heimilt að höfðu samráði við viðskiptaráðuneytið að standa fyrir gerð og útgáfu sérstaks námsefnis fyrir þá, sem sækja námskeið og búa sig undir próf.

6. gr.

Þátttakendur á námskeiði skv. þessum kafla skulu greiða sérstakt kennslugjald. Hluti af kennslugjaldinu, innritunargjald, skal greiddur þegar þátttaka í námskeiðinu er tilkynnt en aðrir hlutar skulu greiddir við upphaf kennslu í hverjum námskeiðshluta.

Upphæð innritunar- og kennslugjalds ákveður viðskiptaráðherra hverju sinni með auglýsingu, sem birt skal í Lögbirtingablaði.

Innritunargjald skv. 1. mgr. er endurkræft ef af námskeði verður ekki eða ef sá, er innritast hefur, fellur skriflega frá þátttöku áður en fyrsti hluti námskeiðs hefst.

III. KAFLI
Próf.

7. gr.

Prófnefnd tekur ákvörðun um prófsefni það sem prófað er úr á verðbréfamiðlunarprófi. Við ákvörðun um prófsefni skal prófnefnd leggja til grundvallar að prófsefnið veiti prófmanni:

a) næga innsýn í þær réttarreglur, sem gilda um kaup og sölu verðbréfa;
b) nokkra kunnáttu í fræðikerfi íslenskrar lögfræði og dómstólaskipan landsins;
c) fræðslu um ýmis fjármálaleg atriði vegna verðbréfamiðlunar er reynt getur á við kaup og sölu þeirra;
d) næga innsýn í lög og reglur um störf verðbréfamiðlara;
e) kunnáttu í nauðsynlegri skjalagerð, er tengist störfum verðbréfamiðlara;
f) nauðsynlega starfsþjálfun.

8. gr.

Próf skulu að jafnaði haldin í framhaldi af einstökum námskeiðishlutum, sbr. 4. gr., en prófnefnd getur ákveðið aðra skipan. Prófnefnd ákveður fjölda prófgreina í hverjum prófhluta og hvar og hvenær próf skulu haldin.

Próf skulu að jafnaði vera skrifleg. Við skrifleg próf skal prófmaður hafa a.m.k. 2 klst. til þess að vinna að úrlausn sinni. Prófnefnd ákveður nánar próftíma fyrir hvert próf.

9. gr.

Prófnefnd semur og leggur prófverkefni fyrir prófmenn, og gefur einkunnir fyrir úrlausnir. Prófnefnd er þó heimilt að fela kennara, sem annast kennslu á námskeiði sbr. 4. gr. að semja, fara yfir og gefa einkunn vegna prófverkefnis í viðkomandi grein. Einkunn kennara skal þó staðfest af prófnefnd. Mati prófnefndar á úrlausn eða staðfestingu á einkunn kennara verður ekki skotið til sérstaks prófdómara.

10. gr.

Einkunnir á verðbréfamiðlunarprófi skulu gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 til 10. Til þess að standast verðbréfamiðlunarpróf þarf prófmaður að hljóta a.m.k. 7,0 í meðaleinkunn úr öllum prófgreinum. Prófmaður telst ekki hafa staðist próf í einstökum prófgreinum nema hann hljóti einkunnina 5,0. Prófmaður getur sótt um að endurtaka próf í einstökum prófgreinum einu sinni enda hafi umsókn borist prófnefnd innan 45 daga frá því einkunnirnar voru birtar.

Prófnefnd skal afhenda prófmönnum skírteini um að þeir hafi staðist prófið.

11. gr.

Áður en prófmaður gengur undir lokapróf skal hann skila til prófnefndar vottorðum um að hann hafi aflað sér eftirfarandi starfsþjálfunar:

a) hafi unnið að lágmarki einn mánuð við verðbréfamiðlun undir handleiðslu löggilts verðbréfamiðlara.
b) hafi lokið 3 daga starfskynningu hjá þinglýsingardómara.

Prófnefnd skal hafa milligöngu um að útvega prófmanni vist á verðbréfamiðlunarskrifstofu og hjá þinglýsingardómara og getur lagt fyrir hlutaðeigandi áætlun um fyrirkomulag starfsþjálfunar. Prófmaður ber sjálfur kostnað af starfsþjálfun skv. 1. mgr. þessarar greinar.

Prófnefnd getur veitt prófmanni undanþágu frá starfsþjálfun skv. 1. mgr. ef hún telur að viðkomandi hafi áður öðlast þá reynslu, sem starfsþjálfuninni er ætlað að veita.

12. gr.

Viðskiptaráðherra getur að fengnu samþykki prófnefndar veitt prófmanni, sem um það sækir sérstaklega undanþágu frá því að sækja námskeið og þreyta próf í einstökum prófgreinum. Skilyrði þess, að slíka undanþágu megi veita, er að prófmaður sýni fram á það með fullnægjandi hætti að mati ráðherra og prófnefndar að hann hafi sótt sambærilegt nám og staðist sambærileg próf í viðkomandi prófgrein við innlenda menntastofnun.

Prófmaður, sem sækir um undanþágu samkvæmt 1. mgr. skal sýna fram á það með vottorði frá viðkomandi menntastofnun hvaða próf hann hefur staðist og prófsefni.

13. gr.

Þegar prófmaður skráir sig í einstaka prófhluta skal hann greiða prófgjald, sem viðskiptaráðuneytið ákveður. Upphæð prófgjalds skal auglýst í Lögbirtingablaði samtímis innritunar- og kennslugjöldum samkvæmt 6. gr. reglugerðar þessarar.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 20/1989 um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 22. nóvember 1989.

Jón Sigurðsson.

Björn Friðfinnsson.

Nr. 544 15. nóvember 1989

GJALDSKRÁ

yfir efna- og örverurannsóknir er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast.

1. gr.

Gjald Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins fyrir útselda vinnu skal vera sem hér segir:

	kr/klst
1. Sérfræðingur	2 060,00
2. Aðstoðarmaður	1 365,00
3. Sérfræðingur, rannsóknaaðstaða notuð	2 745,00
4. Aðstoðarmaður, rannsóknaaðstaða notuð	2 050,00

2. gr.

Gjöld fyrir reglubundnar efna- og örverurannsóknir er stofnunin annast skulu vera sem hér segir:

Efnarannsóknir.

Fiskmjöl:	Kr.
Vatn	405,00
Salt	625,00
Prótein (Kjeldahl)	2 235,00
Fita	1 210,00
Aska	725,00
Ammoníak	580,00
Sandur	815,00
Fosfór	1 555,00
DMNA gasgreining	3 180,00
Óbundnar fitusýrur í mjölfitu	1 280,00
Nítrít í fóðri og fóðurvörum	1 370,00